

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. maí 2023
UST202304-269/B.S.
10.05.03

Efni: Klofningsvegur, Dalabyggð. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar á rúmlega 8 km löngum kafla. Ekki verður farið út fyrir núverandi vegsvæði nema þar sem tekið verður efni úr skeringum. Gert er ráð fyrir að einungis þurfi að sækja efni í tvær námur og þarf leyfi Hafrannsóknarstofnunar til efnitöku úr áreyrum Hvammsár eða Laxár sem tilgreindir eru í greinargerð. Farið er um vatnsverndarsvæði tveggja bæja. Til er verklagsregla hjá Vegagerðinni um framkvæmdir á slíkum svæðum sem hafa ætti til hliðsjónar.

Hér er um fremur litla framkvæmd að ræða og telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér ef staðið verði að framkvæmdinni eins og henni er lýst í greinargerð. Til að svo megi verða þarf að leggja áherslu á að við hönnun vegarins verði útlit skeringa ekki láttnar ráðast af stöðluðu útliti sem massaforrit Vegagerðarinnar skilar af sér. Útlit skeringa þarna tekur alls ekkert tillit til landhalla og landforma og þarf að gera grein fyrir að þarna sé ekki um endanlegt útlit skeringa að ræða í gögnum. Leggja þarf ríka áherslu á að ekki verði farið í námur við Krosshólaborgir og gjarnan mætti ganga betur frá námum við Borgirnar í tengslum við framkvæmdina og um leið hætta allri efnistöku þarna. Vísað ætti til frágangs á heimasíðunni namur.is.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur

